

50

3. marz

## AUGLÝSING

### um skömmtun á erlendu smjöri.

Samkvæmt reglugerð útgefni í dag, löggildist hér með stofnauki nr. 1, sem fylgdi skömmtunarseðlum fyrir tímabilið 1. jan. til 1. apríl, sem innkaupaheimild fyrir tveimur pökkum (453 g × 2) af erlendu smjöri, og gildir hann sem innkaupaheimild fyrir þessu magni til 1. júlí n. k.

Verð þess smjörs, sem selt er gegn þessari innkaupaheimild, er ákveðið kr. 6.50 hver pakki í smásölu.

*Viðskiptamálaráðuneytið, 3. marz 1945.*

**Pétur Magnússon.**

*Torfi Jóhannsson.*

51

5. marz

## SAMÞYKKTIR

### fyrir Sparisjóð Ólafsvíkur, Ólafsvík.

#### I. KAFLI

#### Almenn ákvæði og trygging.

##### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Ólafsvíkur og er stofnaður árið 1892. Heimili hans og varnarþing er í Ólafsvík.

##### 2. gr.

Starf sjóðsins er að geyma og ávaxta peninga fyrir íbúa Ólafsvíkur, Fróðárhrepps og Neshrepps utan Ennis og Breiðuvíkurhrepps, og með lánnum að styðja að gagnlegum fyrirtækjum í hreppum þessum, þó tekur hann einnig fé á vöxtu frá annarra sveita mönnum og lánar þeim með sömu kjörum.

##### 3. gr.

Til tryggingar því, að inneignir viðskiptamanna glatist ekki, og að sjóðurinn standi í skilum með skuldbindingar sínar, ábyrgjast sjóðinn ábyrgðarmenn, sem ekki mega vera færri en 12, samkvæmt ákvæðum 5. gr., og auk þess skal sjóðurinn eiga varasjóð, er aldrei sé minni en 10000 krónur, en fari hann niður úr þeirri upphæð ber ábyrgðarmönnum að auka tryggingu sína, eða útvega tryggingu fyrir því, sem til vantar, til þess að sjóðurinn geti haldið áfram að starfa.

Hin takmarkaða ábyrgð ábyrgðarmanna, allur varasjóðurinn, og aðrar eignir sparisjóðsins eru í hvert sinn trygging innstæðueigenda, að svo miklu leyti, sem það er ekki sett sem veð fyrir lánnum sjóðsins.